

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 10. janúar 2019 kl. 9:30, en þetta var 67. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar. Reynir Tómas Geirsson boðaði forföll.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (22. nóvember 2018) var samþykkt.

2. Nefndarstarfið

Tekin var almenn umræða um íðorðastarfið, tengslin við SKAFL, tengsl við önnur íðorðasöfn o. fl. almenns eðlis.

3. Orðabókarvinnan

a) Stutt kynning á stöðu mála varðandi fjórða líffærafræðiheftið en vinna við það er hafin í samvinnu við Hannes Petersen. Verið er að velja hvað skal tekið með í heftið.

b) Lokayfirferð yfir nýleg verkefni sem ekki voru endanlega frágengin. Um er að ræða skjalið „ýmsar færslur“ frá síðasta fundi; einnig „sclerosis“, „respiration“ og „ventilation“. Einnig „spectroscopy“ en þar þarf að ráðfæra sig við sérfræðinga í tækjabúnaði til efnagreininga. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur.

4. Íðorðasöfnin

ÁP sagði frá gangi mála við þróun nýs og nútímalegs netviðmóts fyrir íðorðasöfnin hjá Stofnun Árna Magnússonar, sem verður vonandi tilbúið innan skamms. Vísi að nýju viðmóti er að finna á idord.is (íðorð.is virkar líka).

5. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 21. febrúar 2019, kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:35.